

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stafafells í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Skipulagsskilmálar lóðar nr. 11.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 19. september 2002, samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stafafells í Lóni. Um er að ræða breytta skipulagsskilmála fyrir lóð nr. 11 og er breytingin sett fram í texta sem skilmálabreyting, dagsett 19. september 2002.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn málsins og gerir, í bréfi dagsettu 6. desember 2002, ekki athugasemd við að auglýsing um deiliskipulagsbreytinguna verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 10. desember 2002.

Hákon Valdimarsson, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.